

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur Skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. júlí, samþykkt og staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Breytingin felur í sér, að í stað opins svæðis vestan lóðarinnar nr. 45 við Sunnubraut og sunnan lóðarinnar nr. 48 við sömu götu kemur íbúðarhúsalóð, Sunnubraut 47.

Bæjarsjóður Kópavogs tekur að sér að bæta tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sem gerð er samkv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

*Umhverfissráðuneytið, 21. ágúst 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985–2005.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Húsavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins hinn 7. ágúst, samþykkt og staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985–2005.

Breytingin felur í sér, að landnotkun á horni Bergháls og Þverholts breytist úr verslunar-, skrifstofu og þjónustuhúsnæði í íbúðarsvæði.

Bæjarsjóður Húsavíkur tekur að sér að bæta tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sem gerð er samkv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

*Umhverfissráðuneytið, 21. ágúst 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988–2008.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Gerðahrepps hefur Skipulagsstjórn ríkisins hinn 26. júní, samþykkt og staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988–2008.

Breytingin felur í sér, að iðnaðarsvæði við götuna Iðngarða stækki til vesturs.

Sveitarstjóra Gerðahrepps ber að bæta tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sem gerð er samkv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

*Umhverfissráðuneytið, 21. ágúst 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**